

„Skógarfang“

*Þriggja ára stefna og verkáætlun teymishóps um
afurða- og markaðsmál skógræktar.*

Samþykkt í stýrishópnum 4. maí 2017.



Stýrihópin skipa:

Hrönn Guðmundsdóttir teymisstjóri

Gunnar Sverrisson

Jóhann Gísli Jóhannsson

Bergrún Anna Þorsteinsdóttir

Björn Bjarndal Jónsson

Gunnlaugur Guðjónsson

Landssamtök skógareigenda

Forgangsröðun í uppbyggingu markaðs- og afurðarmálum

- Byggja upp verðmæta auðlind og tryggja nægt framboð á hráefni. Til að það nái fram að ganga þurfa gróðursetningar að aukast svo ekki komi gat í virðiskeðjuna.
- Vinna nákvæma viðarmagnsgreiningu á landsvísu og fá raunhæfar niðurstöður um nýtanlegt magn viðar, bæði iðn og bolviðar.
- Skapa grundvöll fyrir grisjun skóga og hvetja skógarbændur til nýtingar á skógum sínum. (jafnvel kaupa standandi efni og vinna það á markað)
- Miðla upplýsingum um afurði á milli aðila, landssvæða og væntanlegra kaupenda.
- Hvetja skógarbændur að nýta allt efni sem skógurinn gefur til að skapa verðmæti.
- Auka skógarmenningu
- Byggja upp úrvinnslu skógarafurða, vöruþróun og markaðssetningu á skógarafurðum, viðarmiðlun og umboðssölu jólatrjáa og fl.
- Skapa skilyrði fyrir aðildarfélögin til að reka afurðarmiðstöð og viðamiðlun í sem flestum landshlutum.
- Stuðla að aukinni jólatrjáaræktun meðal skógarbænda. Óskað verður eftir að sú mikla fagþekking sem er innan Skógræktarinnar verði nýtt til ráðgjafar og fræðslu til þeirra sem stunda jólatrjáaræktun. Komið verði á formlegu sambandi jólatrjáaræktenda sem nýst getur m.a. í sameiginlegri markaðssetningu.
- Tryggja fræðslu um ýmsa þætti skógræktar eins og t.d umhirðu og grisjun.
- Sinna kynningarmálum m.a með virkri heima- og fésbókarsíðu með kynningarefni, stuttu fræðsluefni og örnámskeiðum (myndböndum). Auk þess að hafa upplýsingar um afurði og fl.
- Vinna með skógarbændum, sérfræðingum og hönnuðum að vöru og framleiðsluþróun til að skapa sölu og samkeppnishæfa vöru.



Skógræktin:

Markmið Skógræktarinnar í afurða- og markaðsmálum:

- a. Að byggja upp samstarf innan skógargeirans til að samhæfa getu á sviði markaðs- og sölumála með áherslu á að tryggja að markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu haldist í takti við aukna innlenda framleiðslu timburs og annarra skógarafurða.
Skógræktin gegni fyrst og síðast frumkvæðis- og samræmingarhlutverki á þessu sviði og dragi sig hvorki of snemma né of seint til hlés þegar markaður hefur myndast.
- b. Að efla þekkingu, þróa tækni og aðferðir á allri virðiskeðju skógarafurða, þ.e. frá skógi til neytenda.
- c. Að nýta reynslu annarra þjóða og fylgjast með þróun markaðs- og sölumála meðal samstarfsþjóða.

Til að ofangreind markmið náist leggur Skógræktin áherslu á að:

- leiða saman skógargeirann til að vinna sameiginlega að markaðs- og sölumálum,
- skógargeirinn vinni a.m.k. að eftirfarandi verkefnum:
 - móta stefnu um nýtingu afurða og helstu markaðsáherslna,
 - þróa og kynna nýtingarmöguleika timburs úr íslenskum skógum s.s. ýmiss konar notkun á lífmassa, timbri til bygginga, úrvinnslu ýmissa efna o.s.frv.,
 - þróa annars konar nýtingu skóga en viðarnytja, t.d. á sviði útivistar eða sem áningarstaða í ferðaþjónustu.



Helstu markmið teymishóps um afurða- og markaðsmál skógræktar

- 1. Undirbúa þarf markvisst skipulag og framtíðastefnu afurða- og markaðsmála skógræktar til langs tíma.*
- 2. Gerð verði viðarmagnsgreining á landsvísu um nýtanlegt magn viðar.*
- 3. Upplýsingar um afurða- og markaðsmál skógræktar verða aðgengilegar á netmiðlum.*
- 4. Skógarfang stefnir að stórauðinni fræðslu um umhirðu skóga, grisjun og úrvinnslu skógarafurða.*
- 5. Auka samstarf aðila um kynningarátak "afurðir skógarins".*
- 6. Unnið verði að gæðamálum og gæðastýringu.*
- 7. Vöru- og framleiðsluþróun skógarnytja verði eflað.*
- 8. Grisjunarkostnaður verði skoðaður með lækkun að leiðarljósi.*
- 9. Jólatrjáarækt - markaðs stefnu í ræktun og sölu á jólatrjám.*
- 10. Stýrihópurinn leggur mikla áherslu á að funda reglulega með hagsmunaaðilum í skógrækt og þeim sem eru í úrvinnslu skógarafurða.*
- 11. Fundir í teymishópnum verða haldnir reglulega.*
- 12. Yfirlit teymishóps verði lagt fram árlega.*



Leiðir að markmiðum í stefnu og verkáætlun „Skógarfangs“.

1. Teymishópur LSE og Skógræktar vinni markvisst að skipulagi og sameiginlegri framtíðastefnu afurða- og markaðsmála skógræktar til langs tíma. Teymishópurinn er skipaður þremur fulltrúum skógareigenda og þremur fulltrúum Skógræktar og hefur vinnuheitið „Skógarfang“.
2. Mjög brýnt er að gera viðarmagnsgreiningu á landsvísu um nýtanlegt magn viðar. Reynt verði að ljúka frumvinnu fyrir október n.k., (er það ekki of knappur tími) en lokaskýrsla verði lögð fram í október 2018. Sú leið verði skoðuð að fengnir verða nemendur til að vinna greiningarvinnu í samstarfi við Mógilsá og aðra þá sem búa yfir gagnlegum upplýsingum um nýtanlegt viðarmagn í skógum landsins.
3. Komið verði upp greinagóðum og samræmdum upplýsingum um afurða- og markaðsmál skógræktar á heima- og fésbókarsíðum LSE. Sömu leiðis verði heimasíðan www.skogur.is endurskoðuð með tilliti til kynningar og sölu á skógarafurðum. Lögð er áhersla á að innstreymi efnis á heimasíður verður stöðugt.
4. Lykillinn að því að nægt timbur fáið til úrvinnslu næstu árin er góð umhirða í skógum og þekking í grisjun og úrvinnslu. Mikilvægt er því að stórauka fræðslu um umhirðu skóga, grisjun og úrvinnslu skógarafurða. Stýrihópurinn setur sér það markmið að á hverju ári, vor og haust, verð boðið uppá námskeið með fyrrgreindu þema í samstarfi við Skógræktina, skógarbændur, LbhÍ o. fl.
5. Komið verður á víðtæku samstarfi margra aðila um kynningarátak "afurðir skógarins". Lagt er til að átakið verði sýnilegt í júnímánuði hvert ár og eins í desember sem verður tengt sölu á jólatrjá. Stefnt að myndun markaðsteyma í hverjum landshluta sem sér um skógaruppákomur og annað sem nýst getur í kynningu á skógarafurðum.
6. Gæðamál og gæðastýring / staðlar m.m. Skoðuð verðu sú leið að vinna þetta verkefni í samstarfi við háskóla, t.d. Bifröst, HR og LbhÍ. Skoðuð verði í október 2018, en endurskoðuð árlega.
7. Vöru- og framleiðsluþróun skógarnytja. Teymishópurinn leggur áherslu á að Skógræktin og LSE skipi sameiginlegan vinnuhóp um vöruþróun úr skógarafurðum og komi einnig með tillögu til teymishópsins um þróun í framleiðslu skógarnytja og fræðslu fyrir frumkvöðla.
8. Grisjunarkostnaður - leiðir til lækkunar. Síðustu ár hefur markaðsverð á timbri verið vel við unandi hér á landi. Kostnaður við grisjun hefur aftur á móti verið ofan við ásættanleg mörk. Stýrihópurinn leggur á það


áherslu að unnið verði markvist að leiðum til að lækka þennan kostnað, ásamt lækkun á útkeyrslukostnaði á timbri úr skógum. Frumvinnu skal lokið fyrir október 2018 þar sem lagðar verða fram tillögur til úrbóta.

9. Jólatrjáarækt - marka stefnu í ræktun og sölu á jólatrjám. Komið verði á formlegu sambandi jólatrjáaræktenda sem nýst getur m.a. í sameiginlegri markaðssetningu.
Vinnu við að marka stefnu í ræktun og sölu á jólatrjám verði lokið í október 2017.
10. Stýrihópurinn leggur mikla áherslu á að funda reglulega með hagsmunaaðilum í skógrækt og þeim sem eru í úrvinnslu skógarafurða. Það verður gert í tengslum við fundi stýrihópsins.
11. Fundir í teymishópnum verða haldnir reglulega, bæði á Starleaf tölvufundum og á hefðbundnum fundum sem verða dreifðir um landið eins og unnt er. Fundir verða haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði haust, vetur og vor (desember undanskilinn). StarLeaf fundir verða klukkan tíu að morgni.
12. Yfirlit teymishóps um afurða- og markaðsmál skógræktar verði unnið og lagt fram árlega á aðalfundi LSE og birt í ársriti Skógræktarinnar

“Skógarfang”
Þriggja ára ferli við undirbúning framtíðarstefnu í afurða- og markaðsmálum skógræktar



skógræktin



Til að móta stefnu í afurða- og markaðsmálum þurfa margir þættir að tvinnast saman og tengjast að lokum. Þessi skematíska mynd sýnir nokkrar grunneiningar sem lögð verður áhersla á í verkefninu „Skógarfang“.

Briggja ára verkaætlan teymishóps um afurða- og markaðsmál skógræktar

Móta vinnu "teymishópsins" um afurða- og markaðsmál

Fundur stýrihóps

Fundir með hagsmunaaðilum

Vinna viðarmagnsgreiningu á landsvísu

Heima- og fésbóarsíður

Fræðsla um umhirðu, grisjun og úrvinnslu skógarafurða

Kynningarátak "afurðir skógarins"

Gæðamál og gæðastýring / staðlar m.m.

Vörubróun og framleiðsla skógarnytja

Markaðssetning, viðarmiðlun og umboðssala

Grisjunarkostnaður - leiðir til lækunar

Afurða- og markaðsmál skógræktar - framtíðarstefna

Jólatrjáarækt - marka stefnu í ræktun og sölu á jólatrjám

Ársyfirlit teymisvinnu

lokud	maí '17			okt. '18			okt. '18		maí. '18	okt. '18	jan. '20	okt. '17		
jan. '20														
des. '19														
nov. '19														
okt. '19														
sep. '19														
ágú. '19														
júl. '19														
jún. '19														
maí. '19														
apr. '19														
mar. '19														
feb. '19														
jan. '19														
des. '18														
nov. '18														
okt. '18														
sep. '18														
ágú. '18														
júl. '18														
jún. '18														
maí. '18														
apr. '18														
mar. '18														
feb. '18														
jan. '18														
des. '17														
nov. '17														
okt. '17														
sep. '17														
ágú. '17														
júl. '17														
jún. '17														
maí. '17														
apr. '17														
mar. '17														
feb. '17														

= verkætlun

= endurskoðun

= unnið

= ekki unnið

= Starleaf fundir

